



Alþingi
Erindi nr. P 139/2687
komudagur 24.5.2011

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. maí 2011

Efni: Umsögn að frumvarpi um lög um Stjórnarráð Íslands (Þskj. 1191 - 674. mál)

Með tölvubréfi dags. 12. maí sl. fékk Þjóðskjalasafn Íslands frumvarp til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands til umsagnar. Þjóðskjalasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt en bendir á að breytingar á starfsemi einstakra embætta, stofnana eða ráðuneyta hafa mikil áhrif á skjalavörslu þeirra.

Ein helsta breytingin í frumvarpi til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands, skv.2.gr. þess, er að fjöldi ráðuneyta verður ekki talinn upp með tæmandi hætti eins og í núgildandi lögum heldur verður það í höndum stjórnvalda á hverjum tíma hvaða ráðuneyti muni starfa og hversu mörg, þó að hámarki tíu. Breytilegur fjöldi ráðuneyta, þar sem þau geta verið fleiri eða færri á milli ríkisstjórna, ára og kjörtímabila, getur skapað óhagræði í skjalavörslu ráðuneytanna og mikla vinnu þegar skipan ráðuneyta er breytt. (Þá má benda á að ferill mála og ákvarðana getur orðið óljósari þegar málefni og verkefni færast oft á milli ráðuneyta.) Í hvert skipti sem breytingar verða á starfsemi embætta og stofnana hins opinbera verður jafnframt breyting á skjalavörslunni enda á starfsemin að endurspeglast í skjalasafninu. Færast verkefni til innan Stjórnarráðsins hefur það áhrif á skjalavörslu viðkomandi ráðuneyta. Eðlilegt er að með þeim verkefnum sem færast til fylgi með skjöl síðustu ára eða skjöl mála sem enn eru í vinnslu, enda vandkvæðum bundið fyrir nýtt ráðuneyti að hefja starfsemi án fordæmamála. Hafa verður í huga að öll skjöl ráðuneytanna þarf enn að varðveita á pappír vegna þess að skjalavörslukerfi þeirra uppfylla ekki þær kröfur sem Þjóðskjalasafn gerir til kerfa sem hægt er að skila ræfrænt úr til Þjóðskjalasafns. Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur ötullega að þessu. Þegar ráðuneytin hafa fengið þessa heimild til rafrænnar skjalavörslu ættu flutningar verkefna, mála og skjala að verða auðveldari. En eins og stendur fylgja breytingum á ráðuneytum nokkrir flutningar til og frá með pappírsskjöl þeirra.

Þjóðskjalasafns Íslands á lögum samkvæmt að setja reglur og fyrirmæli um skjalavörslu opinberra aðila og miða þau fyrirmæli að því að skjalasafnið endurspegli lögbundin verkefni viðkomandi aðila, að ferill ákvarðana í stjórnsýslunni sé ljós, að skjöl séu aðgengileg þegar á þurfi að halda og að langtímarvarðveisla þeirra sé tryggð. Árið 1991 gaf Þjóðskjalasafn Íslands út sitt fyrsta leiðbeiningarrit um skjalavörslu, *Handbók um skjalavörslu Stjórnarráðs Íslands*, og hefur síðan reglulega gefið út leiðbeiningar og sett reglur um skjalavörslu opinberra aðila.

Núgildandi reglur um skjalavörslu opinberra aðila, þ.m.t. Stjórnarráðs Íslands, hafa allar verið auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda og eru þær eftirfarandi:

- Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um málalykla afhendingarskyldra aðila, nr. 622/2010.
- Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila, nr. 623/2010.
- Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila, nr. 624/2010.
- Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila, nr. 625/2010.
- Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila, nr. 626/2010.
- Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um grísjun í skjalasöfnum sveitarfélaga og stofnana þeirra, nr. 627/2010.
- Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila, nr. 1065/2010.


Opinberum aðilum er skylt að fylgja reglum þessum og bera forstöðumenn ábyrgð á að skjalavarsla þeirra stofnana fari eftir þeim lögum og reglum sem skjalavörslunni hafa verið settar, sbr. lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

Þegar breytingar verða á starfsemi opinberra aðila, t.d. verkefni eru færð til, nýtt ráðuneyti er stofnað, tvö eða fleiri ráðuneyti eru færð í eitt eða ráðuneyti er lagt niður, fara ákveðnir þættir af stað er varða skjalavörsluna. Í hvert skipti sem slíkar breytingar verða er nauðsynlegt að huga að þessum þáttum:

- Endurskoða þarf málalykil og fá hann samþykktan af Þjóðskjalasafni að nýju, sbr. reglur nr. 622/2010 um málalykla.
- Tilkynna rafrænt skjalavörslukerfi að nýju og fá það samþykkt af Þjóðskjalasafni, sbr. reglur nr. 624/2010 um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa.
- Upplýsa Þjóðskjalasafn um flutning á gagnagrunnum og breytingar á skráningu í þá, sbr. reglur nr. 625/2010 um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna.
- Afhenda vörsluútgáfu úr samþykktum rafrænum gagnakerfum frá fyrra skjalavörslutímabili, sbr. reglur nr. 626/2010 um afhendingu á vörsluútgáfum rafrænna gagna.
- Endurskoða skjalavistunaráætlun og leggja hana fyrir Þjóðskjalasafn, 62/2010 um skjalavistunaráætlanir.
- Ganga frá, skrá og afhenda þau pappírsskjöl frá fyrra skjalavörslutímabili til Þjóðskjalasafns sem þangað eiga að fara, sbr. reglur nr. 1065/2010 um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala.
- Ákveða þarf hvaða skjöl eiga að fylgja með verkefnum sem færast yfir í önnur ráðuneyti og afhenda þau þangað. .

Þjóðskjalasafn Íslands vill því benda á að verði ákvæði 2. gr. frumvarpsins að lögum þurfi að huga að verkferlum við færslu verkefna eða málefna á milli ráðuneyta. Ákveða þarf hvernig skuli standa að flutningi skjala, hvaða skjöl skuli flytja á milli ráðuneyta en skv. 5. grein á ráðuneyti sem tekur við málefni að ljúka óloknum málum og þarf því að hafa öll skjöl er málið varða.. Mikilvægt er að uppruni og ferill mála sé skýr innan stjórnsýslunnar, skjöl varðveitist og séu aðgengileg þegar á þarf að halda, bæði fyrir stjórnsýsluna og almenning til lengri eða skemmri tíma. Þar skiptir höfuðmáli að skjalavarslan sé trygg og fylgi fyrirfram ákveðnum ferlum á grundvallireglna Þjóðskjalasafns Íslands.

Virðingarfyllst,



Eiríkur G. Guðmundsson,
settur þjóðskjalavörður